

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



Dags eftirlits	26.11.2015	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Fulltrúi UST	Hrónn G. Guðmundsdóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstur Sorpurðunar Vesturlands virðist ganga með ágætum. Enn er unnið skv. samþykktri úrbótaáætlun vegna söfnunar á hauggasi og voru mæliholur boraðar nú á haustmánuðum og munu mælingar hefjast á þrýstingi og samsetningu hauggass í febrúar/mars á næsta ári.

Umhverfi var snyrtilegt og vel hefur verið gengið frá eldri urðunarreinum.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

Niðurstöður síðasta eftirlits
Yfirlit yfir umfang og rekstur í Fíflholtum
Úrbætur vegna hauggasmála – staða mála
Niðurstöður eftirlitsmælinga
Virgni hreinsivirkis
Önnur mál

Rekstur Sorpurðunar Vesturlands gengur ágætlega. Engin frávik voru skráð í síðasta eftirliti og jafnvægi ríkir í starfsemi. Tekið er á móti almennum heimilis og rekstrarúrgangi, eitthvað af sláturúrgangi og asbeiströr koma inn með jöfnu millibili og þau urðuð í sérstakri rein fyrir asbest. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar.

Búið að gera mælingaholur fyrir hauggas og munu mælingar á samsetningu hauggass hefjast í febrúar/mars. Um er að ræða örlitla seinkun miðað við samþykka úrbótaáætlun. Þá er enn í gangi verkefni til að kanna niðurbrot metans í yfirlagi og verður því haldið áfram út næsta ár.

Minnisblað vegna virkni hreinsivirkis var afhent í eftirlitinu. Í minnisblaðinu kemur fram að mengun í sigvatni sem kemur frá hreiniskerfi eldri urðunarstaðar er litlu minni en sú sem mælist í óhreinuðu sigvatni. Þá er mengunin meiri en hún var á árunum 2002-2012. Búið er að samþykkja í stjórn að fara í úrbætur á eldra hreinsivirki en þá verður settjörnin aflögð og sett upp síubeð til hreinsunar. Einnig kom fram að hannað hefur verið nýtt hreinsivirki fyrir rein 4.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Vel hefur verið gengið frá eldri urðunarrein og búið er að setja um meterslag af jarðvegi yfir reinina í samræmi við lokunaráætlun.

Mæliholur fyrir hauggas voru skoðaðar og mátti greina metanlykt frá þeim. Umhverfið var snyrtilegt að venju og stöðugleiki virðist ríkja í rekstri urðunarstaðarins.

ANNAÐ

Í eftirlitinu var afhent minnisblað varðandi refaveiði fyrir sorpurðun vesturlands.

Fulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Helgi Helgason og Ása Hólmarsdóttir voru viðstödd eftirlitið. Þá var viðstaddur Stefán Gíslason ráðgjafi.

Reykjavík, 16.12.2015

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og öruggis en sem ekki neta talist frávik